

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2016

2018/EES/56/11

frá 2. desember 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/427 frá 10. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttrum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 45zu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0427**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/427 frá 10. mars 2016 (Stjtíð. ESB L 82, 31.3.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/427, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 82, 31.3.2016, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.